

Sérlög Rótarýklúbbs Seltjarnarness

Stofnaður 20. mars 1971

1. grein. Skilgreiningar

- a) Stjórn: Stjórn klúbbsins
- b) Stjórnarmaður: Stjórnarmaður í klúbbum
- c) Félagi: Félagi annar en heiðursfélagi í klúbbum
- d) RI: Rotary International
- e) Ár/starfsár: Tólf mánaða tímabil sem hefst 1. júlí
- f) Fráfarandi forseti: Fyrirverandi forseti sem síðast lét af störfum
- g) Umdæmið: Rótarýumdæmið á Íslandi nr. 1360 í RI

2. grein. Stjórn

Stjórn klúbbsins skipa sex (6) félagar, þ.e. forseti, fráfarandi forseti, verðandi forseti, sem jafnframt er varaforseti, ritari, gjaldkeri og stallari.

3. grein. Stjórnarkjör

1. Forseti klúbbsins skal á fyrsta klúbbsfundum í nóvember afhenda félögum lista yfir embættisheiti klúbbsstjórnar og óska eftir tilnefningum um féлага til að vera í stjórnarkjöri. Hver virkur félagi má tilnefna einn féлага í hvert embætti og afhendir tilnefningarnar skriflega til ritara eigi síðar en eftir 10 daga. Stjórnin athugar allar tilnefningar og tilkynnir eigi síðar en á síðasta fundi fyrir kjörfund, hverjir þrír hafi hlotið flestar tilnefningar í hvert embætti og eru þeir í kjöri. Ef óljóst er vegna jafnra atkvæða hverjir vera skuli í kjöri, sker stjórnin úr. Leynileg skrifleg kosning skal fara fram á síðasta fundi í nóvember eða fyrsta fundi í desember skv. ákvörðun stjórnar. Þeir frambjóðendur í embætti forseta, ritara, gjaldkera og stallara er flest atkvæði fá skulu lýstir kjörnir í viðkomandi embætti. Ef tveir eða þrír hljóta jöfn atkvæði, skal hlutkesti ráða. Kjörgengir í stjórn eru allir virkir félagar. Sá félagi sem þannig er kjörinn forseti nefnist tilnefndur. Tilnefndur forseti fær starfsheitið verðandi forseti 1. júlí ári áður en hann tekur við sem forseti og er þá jafnframt varaforseti á því starfsári sem hefst 1. júlí eftir kjör hans. Hann tekur síðan við sem forseti 1. júlí þar á eftir.
2. Fráfarandi stjórn klúbbsins gerir tillögu um tvo (2) skoðunarmenn ársreiknings og einn (1) skoðunarmann til vara fyrir næsta starfsár og skulu þeir kosnir um leið og ný stjórn.
3. Stjórnarmenn kosnir skv. lið 1., ásamt fráfarandi forseta taka við stjórn klúbbsins á aðalfundi sem vera skal fyrsti fundur í júlímánuði. Heimilt er þó að aðalfundur sé síðasti fundur í júní sbr. 5. grein, 2. lið.
4. Forfallist stjórnarmaður á starfsárinu velur stjórnin annan í hans stað.
5. Forfallist verðandi stjórnarmaður skulu aðrir verðandi stjórnarmenn velja annan í hans stað.

4. grein. Skyldur stjórnar- og annarra embættismanna

1. *Forseti.* Forseti stýrir klúbbs- og stjórnarfundum. Hann er málsvari klúbbsins og sinnir öðrum þeim skyldum sem venjulega fylgja embætti forseta. Hann fylgist með starfi nefnda og hefur rétt til setu á nefndafundum.
2. *Fráfarandi forseti.* Fráfarandi forseti situr í stjórn klúbbsins árið eftir að hann lætur af störfum. Hann stýrir klúbbs- og stjórnarfundum í fjarveru forseta ef varaforseti er einnig forfallaður og sinnir öðrum störfum að ósk forseta. Ef forseti, varaforseti og fráfarandi forseti eru allir forfallaðir skal sá fyrirverandi forseti er síðast lét af störfum og næst til annast fundarstjórn.
3. *Verðandi forseti - varaforseti.* Verðandi forseti stýrir klúbbs- og stjórnarfundum í fjarveru forseta og sinnir öðrum þeim skyldum sem venjulega fylgja embætti varaforseta.
4. *Ritari* annast allar bréfaskriftir, heldur félagaskrá, sendir út tilkynningar frá stjórn og nefndum klúbbsins og skráir fundargerðir klúbbs- og stjórnarfunda og sér um varðveislu þeirra ásamt fundargerðum nefnda. Hann útbýr og sendir til RI eftirtaldir skýrslur:
 - a) Misserisskýrslu 1. janúar og 1. júlí ár hvert ásamt árgjöldum féлага sem þá eru í klúbbum.
 - b) Breytingar á félagaskrá og starfsgreinum.
 - c) Tilkynningar um stjórnarkjör eigi síðar 31. desember ár hvert.
 - d) Önnur skjöl og tilkynningar sem RI kann að mæla fyrir um.
 - e) Áskriftargjald fyrir Rotary Norden.Ritari sendir umdæmisstjóra:
 - f) Samrit tilkynninga til RI
 - g) Tilkynningar um breytingar á fundarstað og tíma.

Eitt samrit af öllum ofangreindum skjölum skal varðveitt í skjalasafni klúbbsins.

Ritari skráir á vef umdæmisins upplýsingar um nýja félag og þá er hætta, allar mætingar klúbbfélaga á klúbbfundi, nefndarfundum eða á aðra viðburði er gefa mætingu. Hann skráir einnig mætingar annarra Rótarýfélaga sem taka þátt í fundum eða öðrum viðburðum á vegum klúbbsins. Skráning skal framkvæmd sem fyrst eftir hvern viðburð og eigi síðar en innan 15 daga frá síðasta fundi mánaðar. Ritari skal einnig sinna öðrum skyldum sem venjulega fylgja embætti ritara.

- 5. Gjaldkeri.** Gjaldkeri ber ábyrgð á öllum sjóðum klúbbsins og gerir grein fyrir fjárhagslegum rekstri og eignum árlega, svo og hvenær sem stjórn óskar eftir. Hann tekur við greiðslum frá gestum og þeim félögum sem ekki greiða fast mánaðargjald með greiðslukorti og gengur frá uppgjöri eftir hvern fund m.a. með upplýsingum um heildarfjölda matargesta. Hann er ritara til aðstoðar við umsjón með mætingum og skráningu þeirra. Þá skal hann sinna öðrum þeim skyldum sem venjulega fylgja embætti gjaldkera, sjá einnig 12. grein. Við starfslok skal gjaldkeri afhenda viðtakandi gjaldkera eða viðtakandi forseta alla sjóði klúbbsins, sjóðsbækur eða aðrar eigur klúbbsins.
- 6. Stallari.** Stallari undirbýr fundi og sér m.a. um salarkynni, flaggar og að nauðsynlegur búnaður sé til staðar. Stallari fylgist með gestum sem sækja fundi, sér um að þeir skrái nöfn sín í gestabók klúbbsins og kynnir þá fyrir klúbbfélögum. Hann varðveitir og heldur skrá um muni klúbbsins þ.m.t. fána og sinnir þeim skyldum öðrum sem venjulega fylgja embætti stallara.
- 7. Skjalavörður.** Stjórn skipar skjalavörð, einn eða fleiri. Skjalavörður varðveitir eldri fundargerðarbækur og öll skjöl klúbbsins sem ekki eru í vörslu stjórnar hverju sinni. Hann heldur einnig til haga hverskyns öðrum gögnum er varða sögu klúbbsins og sinnir að öðru leyti þeim störfum sem forseti eða stjórn fela honum.

5. grein. Fundir

- Kjörfundur er síðasti fundur í nóvember eða fyrsti fundur í desember ár hvert samkvæmt ákvörðun stjórnar. Þar fer fram kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga næsta starfsárs, sbr 3. grein.
- Aðalfundur er fyrsti fundur í júlí ár hvert, nema annað sé ákveðið, sbr. 3. grein, 3. lið. Heimilt er að halda aðalfundur sé síðasti reglulegur fundur í júní, ef fráfarandi og viðtakandi stjórn eru ásáttar um það og tilkynna á reglulegum fundi eða með fundarboði fyrir 15. júní. Á aðalfundi skal forseti flytja ársskýrslu stjórnar um starfsemi liðins árs. Gjaldkeri skal leggja fram endurskoðaðan ársreikning til samþykktar og skýra hann. Í ársreikningi skal gera grein fyrir hverjum sjóði fyrir sig eftir því sem við á. Nefndarformenn og eftir atvikum embættismenn gefa skýrslur um sín störf. Eintak af skýrslum þessum og ársreikningum skulu afhentar skjalaverð til varðveislu. Heimilt er að fresta framlagningu og afgreiðslu ársreiknings um mest tvo fundi.
- Ný stjórn tekur við störfum á aðalfundi og leggur fram þá eða á næsta fundi á eftir starfs- og fjárhagsáætlun fyrir starfsárið og tillögu að félagsgjaldi til samþykktar. Heimilt er að fresta framlagningu fjárhagsáætlunar þar til ársreikningar fyrra árs hafa verið bornir upp og samþykktir. Gjöld til Rótarýsjóðsins (Rotary Foundation) má ákveða við gerð fjárhagsáætlunar. Tekið er jafnan við frjálsum framlögum frá þeim sem vilja stykja Rótarýsjóðinn t.d. við sérstök tilefni.
- Reglulega fundi klúbbsins skal halda á hverjum föstudegi kl. 12:15 til 13:15. Tilkynna skal klúbbfélögum í tæka tíð breytingar á fundarstað og fundartíma eða ef fundur fellur niður.
- Klúbbfundir eru ályktunarfærir í öllum málum, þegar a.m.k. helmingur (½) mætingarskyldra félaga eru á fundi. Meirihluti atkvæða ræður í öllum málum, nema annað sé ákveðið í lögum klúbbsins. Sé klúbbfundur ekki ályktunarfær skal, málið borið upp á næsta fundi og er sá fundur ætíð ályktunarfær um það málefni.
- Stjórnarfundur skal að jafnaði halda mánaðarlega eða eins oft og þörf er á. Stjórnina ber að kalla saman ef forseti ákveður eða tveir aðrir stjórnarmenn óska þess.
- Stjórnarfundir eru ályktunarfærir ef meirihluti stjórnarmanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum. Atkvæði forseta sker úr ef atkvæði eru jöfn.
- Sérstakir fundir eru að jafnaði haldnir árlega samkvæmt ákvörðun stjórnar: Árhátíð, hátíðarfundur með mökum þegar umdæmisstjóri heimsækir klúbbin, jólafundur með mökum og afkomendum. Mökum látinna félaga skal boðið á jólafund og/eða annan hátíðarfund árlega..

6. grein. Félagsgjöld

Stjórn gerir tillögu um félagsgjöld og innheimtu þeirra. Nýir félagar greiða ekki inntökugjald.

7. grein. Framkvæmd kosninga og atkvæðagreiðslna

Atkvæðagreiðslur um klúbbmálefni skulu að jafnaði fara fram með handauppréttingu, nema kosning stjórnarmanna sem skal vera skrifleg, sbr. 3. grein. Stjórn eða meirihluti viðstaddra félaga á klúbbfundi getur ákveðið að atkvæðagreiðslur um tiltekin mál skuli vera skriflegar.

8. grein. Starfsemi og þjónustuleiðir

Þjónustuleiðir marka hugsjónalega og verklega stefnu og umgjörð fyrir starfsemi klúbbsins. Þær eru klúbbþjónusta, starfsgreinaþjónusta, samfélagsþjónusta, alþjóðaþjónusta og ungmennaþjónusta. Klúbburinn skal taka mið af og sinna öllum þessum þjónustuleiðum í starfi sínu.

9. grein. Nefndir

Klúbbnefndum er ætlað að vinna að því að uppfylla markmið Rótaryhreyfingarinnar og klúbbsins til bæði lengri og skemmri tíma.

Um allar nefndir klúbbsins gilda eftirfarandi almennar reglur:

- a) Nefnd skal sinna verkefnum í samræmi við ákvæði þessara sérlaga, auk verkefna sem henni kunna að verða falin af forseta eða stjórn klúbbsins. Önnur verkefni en þau sem þannig er skýr heimild fyrir skal nefnd ekki setja í framkvæmd nema áður hafi verið kynnt stjórn klúbbsins og fengin heimild hennar.
- b) Nefndarformaður er ábyrgur fyrir og stýrir starfi nefndar og gengst fyrir að haldnir séu fundir í henni hæfilega oft miðað við verkefni. Hann upplýsir stjórn klúbbsins um starfið
- c) Nefndarformaður sér um að haldin sé fundargerðabók og gefur skýrslu um starf liðins árs á aðalfundi klúbbsins.
- d) Samrit af fundarboðum nefnda skulu send forseta klúbbsins sem getur verið viðstaddur fundi að vild.

Forseti, verðandi forseti og fráfarandi forseti skulu vinna saman að því að tryggja samfellu milli ára í stjórnun klúbbsins og áætlanagerð. Við skipun nefnda skal þess gætt að samfella ríki í starfi nefndanna.

Verðandi forseti skal fyrir maílok ár hvert velja nefndaformenn og skipa klúbbfélaga í nefndir. Hann heldur fund með verðandi formönnum nefnda fyrir upphaf starfsársins til að skipulegga starfið.

Æskilegt er að nefndarformaður hafi áður setið í viðkomandi nefnd og að einstakir nefndarmenn starfi gjarna lengur en eitt ár í senn í sömu nefnd. Þess skal að öðru leyti gætt við skipan í nefndir, að klúbbfélagar kynnist smám saman vel öllum hliðum klúbbstarfsins og fái tækifæri til að nýta og þroska hæfileika sína á sem flestum sviðum, starfinu og þeim sjálfum til góðs..

Nefndir eru, raðað eftir þjónustuleiðum RI, sem hér segir.

1) Klúbbþjónusta.

- a) **Klúbbnefnd.** Klúbbnefnd skal fylgjast með innra starfi klúbbsins, huga að hefðum og venjum, æskilegum nýjungum í starfi klúbbsins og velferð félaga. Nefndin fylgist með mætingum, er í sambandi við félaga sem hafa verið fjarverandi og heimsækir reglulega sjúka félaga. Nefndin kemur ábendingum um hvaðeina sem til framfara getur horft í klúbbstarfinu til stjórnar og er virk í umræðu á fundum þar sem starf klúbbsins er rætt.
- b) **Rit- og kynningarnefnd.** Nefndin skal vinna að kynningu meðal almennings á Rótary og þjónustuverkefnum klúbbsins. Nefndin er ábyrg fyrir vef klúbbsins, tekur saman og skrifar fréttir á hann, lætur taka myndir við hátíðlegar athafnir svo sem inntöku nýrra félaga, á skemmtunum, við verðlaunaveitingar, til birtingar á vefsíðu hreyfingarinnar og/eða klúbbsins, svo og eftir atvikum í fjölmiðlum, og tryggir langtímavarðveislu. Nefndin starfar með skjalaverði að varðveislu skjala svo þau sé aðgengileg við skráningu á sögu klúbbsins.
- c) **Skemmtinefnd.** Skemmtinefnd skal gera tillögur um skemmtanir á vegum klúbbsins, annast undirbúning þeirra og framkvæmd.

- d) **Ferðanefnd.** Ferðanefnd skal gera tillögur um, undirbúa og stjórna ferðalögum klúbbsins innanlands og utan.

2) *Starfsgreinaþjónusta.*

- a) **Félagavals- og starfsgreinaneftnd.** Nefndin skal eiga frumkvæði að öflun nýrra félaga og gera tillögur um þá til stjórnar. Hún gengur úr skugga um að viðkomandi njóti áhlts og trausts í störfum sínum og séu félagslyndir. Nefndin lætur gera skrá yfir starfsgreinar á klúbbsvæðinu, sem talið er rétt að geti átt fulltrúa í klúbbum, svo og hverjar þeirra eigi þar fulltrúa. Við gerð starfsgreinaskrárinnar og endurskoðun hennar skal fylgt reglum og leiðbeiningum alþjóðasamtaka Rótarý. Ef mikilvægar starfsgreinar eiga ekki þegar fulltrúa í klúbbum, skal nefndin beita sér sérstaklega fyrir að bætt verði úr því. Nefndin skal sjá til þess að klúbbfélagar veiti fræðslu um starfsgrein sína m.a. með starfsgreinarerindi í klúbbum sem fyrst eftir inngöngu sína.
- b) **Rótarýfræðslunefnd.** Þessi nefnd skal sjá um að klúbbfélagar njóti upplýsinga um réttindi og skyldur er fylgja aðild að Rótarýklúbbi, þar á meðal um sögu Rótarýhreyfinginnar, markmið og starfsemi Rótarýklúbba og Alþjóðasamtaka Rótarý. Nefndin skal fræða nýja félaga um tilgang, skipulag og starfshætti Rótarý.

3) *Samfélagsþjónusta.*

- a) **Þjóðmálanefnd.** Þjóðmálanefnd skal sjá um, að helstu mál bæjarfélagsins og þjóðfélagsins séu jafnan kynnt félögum á fundum og greiða eftir föngum götu þess að þeir geti lagt þessum málum lið þar sem þörf er á. Hún skal sérstaklega gefa gaum að málefnum er varða þá sem veikburða eru og standa höllum fæti, svo og öryggi í umferð og slysavörnum. Einnig fjallar þessi nefnd um umhverfismál og önnur samfélagsmál. Hugmyndir sínar eða tillögur sendir hún til stjórnar klúbbsins.
- b) **Gróttunefnd.** Gróttunefnd skal annast málefni er varða Albertsbúð, félagsheimili klúbbsins í Gróttu, hefur forgöngu um varðveislu og framkvæmdir við húsið og skipuleggur fundi í Gróttu. Jafnframt hefur nefndin gát á því öðru í eyjunni sem snert getur hagsmuni klúbbsins eða horft til umbóta fyrir bæjarbúa.

4) *Alþjóðaþjónusta.*

- a) **Alþjóðanefnd.** Alþjóðanefnd skal sjá um að veitt sé fræðsla um viðhorf Rótarý til alþjóðasamvinnu og á hvern hátt Rótarý og einstakir félagar geti best stuðlað að velvild og gagnkvæmum skilningi milli þjóða. Nefndarmenn sinna erlendum gestum er sækja fundi, eftir því sem þörf er á. Nefndin er ábyrg fyrir móttöku erlendra gesta og hópa sem alþjóðahreyfing Rótarý skipuleggur (GSE).
- b) **Rótarýsjóðsneftnd.** Nefndin skal kynna og vinna að stuðningi við Rótarýsjóðinn bæði með beinum framlögum klúbbs og klúbbfélaga, og annarri fjáröflunarstarfsemi. Nefndin aflar sér einnig þekkingar á alþjóðlegum verkefnum og tækifærum klúbbsins og Íslendinga til þátttöku í þörfum verkefnum og veitir leiðsögn um mögulega nýtingu Rótarýsjóðsins til slíkra verkefna (Matching grants o.s.frv.)

5) *Ungmennathjónusta.*

- a) **Æskulýðsneftnd.** Æskulýðsneftnd skal fylgjast með málefnum unglinga og brydda upp á nýjum verkefnum í þágu uppvaðandi kynslóðar. Nefndin aðstoðar við veitingu verðlauna til ungmenna í bæjarfélaginu fyrir góða frammistöðu í námi og íþróttum. Hún annast aðild klúbbsins að nemendaskiptum sem alþjóðahreyfing Rótarý skipuleggur.

Heimilt er skv. ákvörðun stjórnar að skipa nefndir um önnur sérstök verkefni, ef þörf krefur.

10. grein. Skyldur nefnda

Verðandi forseti skal yfirfara og endurskoða eftir þörfum skyldur allra nefnda fyrir komandi starfsár og styðjast þar við viðeigandi skilgreiningar og þjónustuleiðir RI.

Nefndum skal í upphafi árs markaður ákveðinn starfsrammi þar sem tilgreind eru markmið og starfsáætlun til að vinna eftir á árinu. Verðandi forseti skal kappkosta að útbúa markmið og starfsáætlanir fyrir nefndir klúbbsins og kynna stjórn fyrir upphaf ársins.

11. grein. Undanþága frá fundarsókn

Stjórn er heimilt að veita félagan undanþágu frá fundarsókn í mest 12 mánuði, hafi hann óskað eftir því skriflega með rökstuðningi er stjórnin metur gildan.

12. grein. Fjármál

1. Stjórn skal fyrir upphaf hvers fjárhagsárs gera fjárhagsáætlun, þ.e. áætlun um tekjur og gjöld, sem lögð skal fyrir klúbbfund til samþykktar, sbr. 5. grein, 3. lið. Útgjöldum ber að halda innan ramma áætlunarinnar nema stjórn fjalli um og ákveði annað. Um öll veruleg og fyrirsjáanleg frávik skal leita samþykkis klúbbfundar. Fjárhagsáætlun skal, ef hentugt þykir, sundurliðuð þannig að hún sýni annarsvegar útgjöld vegna reglulegrar starfsemi klúbbsins og hins vegar vegna þjónustuverkefna.
2. Mál sem fela í sér fjárskuldbindingar fyrir klúbbinn, skulu ekki afgreidd fyrr en stjórn klúbbsins hefur fjallað um þau. Komi slíkt mál upp á reglulegum klúbbfundi án vitundar stjórnar, skal að jafnaði vísa því til hennar. Að lokinni athugun skal stjórnin leggja tillögu um afgreiðslu málsins fyrir klúbbfund..
3. Gjaldkeri skal varðveita fé klúbbsins á bankareikningi samkvæmt ákvörðun stjórnar. Fénu má skipta í tvo sjóði, þ.e. rekstrarsjóð og sjóð vegna þjónustuverkefna.
4. Skoðunarmaður með sérþekkingu skal endurskoða ársreikning klúbbsins.
5. Fjárhagsár klúbbsins er frá 1. júlí til 30. júní. Árgjöld skal innheimta hálfárslega, þ.e. fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember og fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní. Greiðsla árgjalda til RI og áskriftargjald vegna Rotary Norden skal greiða 1. júlí og 1. janúar ár hvert, miðað við fjölda klúbbfélaga á þeim tíma.

13. grein. Val nýrra félaga

1. Félagar í klúbbnum geta komið tillögu um nýjan félagan skriflega til stjórnar. Aðrir Rótarýklúbbar geta borið fram tillögu um að félagar eða fyrrverandi félagar í þeirra klúbbi verði gerðir að félögum í klúbbnum. Félagavals- og starfsgreinanevnd hefur frumkvæði að öflun nýrra félaga og kemur skriflegum tillögum til stjórnar. Tillögur um nýja félagan eru trúnaðarmál..
2. Stjórn klúbbsins gengur úr skugga um að sá sem gerð er tillaga um uppfylli kröfur til nýrra félaga í grundvallarlögum Rótarýklúbba.
3. Stjórn klúbbsins samþykkir eða synjar tillögunni innan þrjátíu (30) daga frá því að hún kemur fram og lætur ritari þann sem tillöguna bar fram vita af niðurstöðunni.
4. Samþykki stjórn klúbbsins að tekin skuli til afgreiðslu framkomin tillaga um nýjan félagan skal sá fræddur um helstu markmið Rótarý svo og réttindi og skyldur Rótarýfélaga. Þá er viðkomandi beðinn um að undirrita inntökublað og heimila að nafn ásamt starfsgrein verði kynnt félögum í klúbbnum.
5. Hafi stjórn klúbbsins ekki borist skrifleg rökstudd andmæli frá félögum í klúbbnum innan sjö (7) daga frá því að tillagan var kynnt, telst sá rétt kjörinn félagi í klúbbnum. Berist stjórninni andmæli við framkominni tillögu um nýjan félagan skulu greidd atkvæði um hana á næsta stjórnarfund. Ef tillagan er samþykkt þrátt fyrir andmælin telst viðkomandi þar með rétkjörinn félagi í klúbbnum.
6. Í framhaldi af kjörinu sér forseti um inntöku hins nýja félaga og að honum sé afhent fræðsluefni um Rótarý. Forseti eða ritari skulu tilkynna RI inngöngu hins nýja félaga. Forseti skal einnig tilnefna klúbbfélaga til stuðnings hinum nýja félaga við að aðlagast klúbbstarfinu og jafnframt fela honum verkefni í starfi klúbbsins.
7. Klúbburinn getur samkvæmt tillögu stjórnar kjörið heiðursfélaga í samræmi við grundvallarlög Rótarýklúbba.

14. grein. Tillögur

Málefni eða tillögur skulu að jafnaði ekki bornar upp á fundi fyrr en stjórn klúbbsins hefur haft tækifæri til að fjalla um þær. Um fjárskuldbindingar vísast til 12.greinar, 2. mgr..

15. grein. Dagskrá funda

Dagskrár klúbbfunda skulu fylgja þeirri hefð og venjum sem mótast hafa í starfinu.. Leitast ber við að fundir séu ánægjulegir og áhugaverðir fyrir félagi og gesti.

Dagskrá funda skal að jafnaði vera sem hér segir:

1. Fundarsetning
2. Kynning gesta og fundarefnis
3. Yfirlit yfir fundarsókn
4. Nýleg afmæli klúbbfélaga
5. Klúbbmálefni, kynning og/eða afgreiðsla, skýrslur nefnda, bréfaskipti, tilkynningar og önnur Rótarýmálefni.
6. Þriggja mínútna erindi
7. Aðalefni fundarins, ásamt kynningu á ræðumanni
8. Undirbúningur næsta fundar
9. Fjórprófið
10. Fundarslit

16. grein. Lagabreytingar

Lögum þessum má breyta á reglulegum klúbbfundi, sé meirihluti félaga viðstaddur og hljóti tillaga atkvæði 2/3 þeirra, enda hafi tillagan að lagabreytingu verið send klúbbfélögum minnst tíu (10) dögum fyrir fundinn. Breytingar á lögnum skulu vera í samræmi við grundvallarlög Rótarýklúbba og grundvallar- og sérlög RI.

Sérlög þessi voru samþykkt á fundi Rótarýklúbbs Seltjarnarness 29. apríl 2011.